

Þingskjal 1

Fjárhagsnefnd

Íþróttabandalag Reykjavíkur

Fjárhagsáætlun 2015 og 2016

Rekstrartekjur	2015	2016
Framlög og styrkir borgarsjóðs	745.000	767.000
Útbreiðslustyrkur ÍSí,Lottó og Getraunir	98.000	101.000
Rekstrartekjur Skautahallar	83.000	85.500
Aðrar tekjur og framlög	29.000	29.900
Fjármagnstekjur	5.500	5.700
Tekjur:	960.500	989.100
Rekstrargjöld		
Úthlutaðir styrkir	683.000	703.500
Úthlutaðar Lottótekjur	80.000	82.500
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	105.000	108.100
Ýmis íþróttatengd starfsemi	25.000	25.750
Húsnæðiskostnaður	6.000	6.180
Rekstrargjöld Skautahallar	68.000	70.000
Reiknuð þátttaka Reykjavíkummaráþons í rekstri ÍBR	-40.000	-41.200
Vextir og fjármagnstekjuskattur	5.000	6.140
Afskriftir	21.300	20.300
Gjöld:	953.300	981.270
Hagnaður ársins	7200	7830

Skattar aðildarfélaga til ÍBR
Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

47. þing ÍBR, haldið 19.-20. mars 2015, samþykkir að skattur aðildarfélaga ÍBR til bandalagsins verði 100 krónur á hvern féлага, 18 ára og eldri.

Greinargerð:

Um er að ræða óbreytt gjald frá því sem samþykkt var á síðasta þingi ÍBR.

Tillaga um breytingu á lögum ÍBR

Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

47. þing ÍBR, haldið 19.-20. mars 2015, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum ÍBR:

Breyting á 9. grein þar sem lagt er til að yfirstrikaður texti falli út og undirstrikaður texti bætist við:

9. grein

~~Skattar þjónustugjald~~ aðildarfélaganna til ÍBR miðast við tölu gjaldskyldra félagsmanna, þ.e. 18 ára og eldri. Þing ÍBR ákveður upphæð skattsins gjaldsins fyrir hvert ár. Skýrslu- og reikningsár ÍBR miðast við almanaksárið.

Breyting á 14. grein þar sem lagt er til að yfirstrikaður texti falli út og undirstrikaður texti bætist við:

14. grein

Dagskrá þingsins skal vera þessi:

1. Þingsetning
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta og fyrsta og annars þingritara.
3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
4. Lagt fram og rætt: Skýrsla stjórnar og ársreikningar og atkvæði greidd um þá.
5. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og næsta árs og skattgreiðslur félaganna.
6. Fyrri umræða um lagabreytingar, sem liggja fyrir. Laganefnd kjörin til að athuga breytingar fyrir síðari fund þingsins.
7. Umræða um stefnumótun og starfsáætlun ÍBR.
8. Ræddar tillögur og mál, sem liggja fyrir.
9. Kosnar tvær 5 manna þingnefndir: fjárhagsnefnd og allsherjarnefnd.

ÞINGHLÉ

10. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
11.
 - a) Kosinn formaður ÍBR.
 - b) Kosnir þrjú stjórnarmenn úr fráfarandi stjórn.
 - c) Kosnir þrjú stjórnarmenn.
 - d) Kosnir tveir varamenn.
 - e) Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
 - f) Kosin þriggja manna kjörnefnd og einn til vara sbr. 8. grein.
 - g) Kosnar fastanefndir, er þingið ákveður.

12. Lýst fjölda fulltrúa aðildarfélaga til íþróttapings og kosnir viðbótarfulltrúar samkvæmt 16. gr.
13. Önnur mál.
14. Þingslit.

Þingið skal standa a.m.k. tvo daga. Þingið skal móta stefnu ÍBR, a.m.k. til næstu tveggja ára með því að ákveða þá málaflokka, sem leggja ber áherslu á í starfi framkvæmdastjórnar. Öllum stærri málum, sem þingið fær til meðferðar, skal vísað til nefnda og starfa þær á milli funda. Allar kosningar skulu vera bundnar og skriflegar, séu fleiri tilnefndir en kjósa skal. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Komi til þess að fleiri séu í kjöri en sæti eru fyrir skulu þeir eiga þess kost að bjóða sig fram til annars embættis ef þeir bíða lægri hlut í kosningu. Í sambandi við þingið má flytja erindi og hafa íþróttasýningar, eftir því sem tími er til.

Við 18. grein bætist eftirfarandi texti (undirstrikað):

18. grein

Á milli þinga stjórnar bandalaginu 7 manna framkvæmdastjórn, sem kosin er til tveggja ára í senn. Skal kjósa fyrst formann, en hina 6 í tvennu lagi, þannig að fæst þrír úr fráfarandi stjórn verði endurkosnir. Þeir þrír stjórnarmenn úr fráfarandi stjórn sem ekki voru kosnir samkvæmt þessu ákvæði á síðasta þingi eða setið hafa stystan tíma skulu hljóta kosningu. Séu einhverjir með jafnlanga setu að baki skal dregið um röð. Í framkvæmdastjórn má ekki kjósa þrjá eða fleiri menn frá sama aðildarfélagi. Formenn einstakra félaga, sérráða eða sérsambanda má ekki kjósa í framkvæmdastjórn.

Varamenn taka sæti í framkvæmdastjórn í þeirri röð, sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir skal varpa hlutkesti um röð þeirra.

Framkvæmdastjórn skiptir sjálf með sér verkum. Formannafundur skal haldinn það árið, sem þing er ekki haldið og gerir þá framkvæmdastjórn grein fyrir störfum sínum frá síðasta þingi og leggur fram ársreikninga bandalagsins fyrir næsta reikningsár á undan.

10. grein

Hvert það aðildarfélag, sem ekki hefur haldið aðalfund, ekki ~~og~~ sent skýrslur og ársreikninga í samræmi við 7. gr. og ekki greitt skatt/félagagjald missir atkvæðisrétt sinn á næsta þingi ÍBR og missir einnig rétt til að tilnefna fulltrúa á Íþróttaping. Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum, getur þing ÍBR tekið ákvörðun um, að félaginu skuli vikið úr bandalaginu. Ákveði þing að víkja félagi úr bandalaginu skal tilkynna það til félagsins, ÍSÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda. Að öðru leyti vísast til 6. kafla í lögum ÍSÍ.

**Stefna og starfsáætlun stjórnar ÍBR
fyrir starfsárin 2015 og 2016.
Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.**

47. þing ÍBR, haldið 19.-20. mars 2015, samþykkir eftirfarandi stefnu og starfsáætlun framkvæmdastjórnar ÍBR fyrir starfsárin 2015 og 2016:

Á starfstímabilinu verður unnið að gerð nýrra samstarfssamninga við Reykjavíkurborg þar sem leitast verður við að tryggja fjármagn og aðstöðu til reksturs íþróttafélaganna. Mikilvægt er að festa í sessi starf félaganna með auknum styrkjum til þess mikilvæga starfs sem þau vinna. Lögð verður áhersla á að tryggja fé til viðhaldsverkefna hjá félögum sem eiga og reka sín eigin mannvirki.

Áfram verða gerðar kannanir á íþróttastarfi og þannig aflað upplýsinga sem nýtast til að leggja frekari línur í starfinu, hvar þurfi helst að styðja við og hvernig staða félaganna í Reykjavík er miðað við annarsstaðar. M.a. verður áfram unnið að því að gera samanburð milli sveitarfélaga varðandi aðstöðu til íþróttastarfs.

Á starfstímabilinu er stefnt að því að bjóða þeim sem starfa í íþróttahreyfingunni í Reykjavík að taka þátt í ýmsum námskeiðum og fyrirlestrum sem höfða til mismunandi hópa s.s. starfsmanna, stjórnarmanna, þjálfara, foreldra o.fl.

Einnig verði horft til þess að auka enn frekar framboð á möguleikum til þátttöku í íþróttum fyrir unglinga. Sérstaklega verði horft til þeirra unglinga sem vilja vera þátttakendur í íþróttafélögunum en vilja ekki æfa oft í viku og hafa ekki hug á að verða afrefsfólk í íþróttum en vilja iðka sína íþrótt í sínu félagi. Með eflingu Verkefnasjóðs ÍBR opnast möguleikar á stuðningi við verkefni sem stuðla að þessu.

Íþróttafélög gegna mikilvægu hlutverki í mannlífi borgarinnar, sérstaklega í nærsamfélaginu og er mikill og vaxandi áhugi hjá almenningi um þátttöku í hinum ýmsu íþróttum. Íþróttafélögin hafa vilja og áhuga á því að svara kallinu og bjóða almenningi upp á möguleika til iðkunar íþróttar í og við sín mannvirki og/eða í tengslum við hefðbundnara starf félaganna. Í þessu sambandi er mikilvægt að tryggja eðlilega þróun aðstöðu (mannvirkja og búnaðar). ÍBR mun leitast við að styðja við frumkvæði á þessu sviði í samstarfi við félögin og Reykjavíkurborg og getur Verkefnasjóður ÍBR nýst í því tilliti. ÍBR mun áfram sinna almenningsíþróttum borgaranna með útleigu íþróttatíma í skólahúsum og með þátttöku í ýmsum verkefnum sem ætlað er að efla þátttöku almennings í íþróttum.

Afrekssjóður ÍB hefur nú verið endurvakinn með breyttum reglum og er honum ætlað er að styðja afreksíþróttastarf félaganna. Leitast verður við að aðstoða eftir megni ungt og efnilegt íþróttafólk sem og íþróttafólk í fremstu röð til þátttöku í mótum eða annarra verkefna sem ýtt geta undir enn frekari árangur þeirra. Áfram verður unnið að því að stofna afreksíþróttamiðstöð í húsi ÍBR þar sem boðið verður upp á markvissa og faglega þjónustu fyrir íþróttafélög, lið og hópa. Áfram verður þrýst á framhaldsskóla um að auðvelda afreksfólki að stunda þjálfun og keppni samhliða námi.

ÍBR mun áfram sjá um framkvæmd ýmissa viðburða s.s. Reykjavíkumaraþons, Laugavegshlaups, Miðnæturhlaups og Reykjavík International Games. Þá er stefnt að því að stofna til fleiri viðburða sem eftt geta íþróttalíf í Reykjavík.

Starfsemi sérráðanna verður tryggður grunnur en áfram verður skoðað hvernig best er að haga starfi þeirra í framtíðinni.

ÍBR mun vinna eftir stefnumótun og framtíðarsýn fyrir íþróttastarf í Reykjavík til ársins 2020 í samstarfi við aðildarfélögin og Reykjavíkurborg. Áfram verður unnið að því að efla jákvæða ímynd ÍBR sem hagsmunasamtaka íþróttafélaganna í Reykjavík og fagaðila í íþróttamálum almennt. Mikilvægt er að koma á framfæri við borgaryfirvöld að ÍBR sé aðili sem hægt er að treysta til að vera ráðgefandi aðili um íþróttamál í borginni á faglegan og skynsamlegan hátt. Jafnframt er mikilvægt að á hverjum tíma sé haldið virku sambandi milli félaganna og stjórnar og starfsfólks ÍBR þannig að starf bandalagsins endurspegli á hverjum tíma helstu þarfir félaganna og óskir um aðkomu ÍBR að tilteknum málum.

Tillaga um brottvikningu félaga.

Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

47. þing ÍBR, haldið 19.-20. mars 2015, samþykkir að víkja Bandýmannafélaginu Viktor og Körfuknattleiksfélaginu Þóri úr bandalaginu.

Greinargerð:

Samkvæmt lögum ÍBR, 6. grein, getur þing ÍBR tekið ákvörðun um að víkja félögum úr bandalaginu geri þau ekki skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum eða hafi ekki haldið aðalfund. Þessi félög hafa ekki staðið skil á þessum gögnum og ekki haldið aðalfund í nokkurn tíma.

Umsókn um aðild að UMFÍ

Flutningsaðilar: Snorri Þorvaldsson og Sigfús Ægir Árnason.

47. þing ÍBR, haldið 19.-20. mars 2015, áréttar umsókn sína í UMFÍ. Jafnframt fagnar þingið umsóknum annarra íþróttabandalaga inn í samtökin. Þingið reiknar með því að sú leið er í gangi hjá UMFÍ, ÍBR og öðrum íþróttabandalögum varðandi þetta mál endi innan skamms með inngöngu þeirra allra.

Samstarfsamningar borgar og ÍBR. Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

47. þing ÍBR, haldið 19.-20. mars 2015, felur stjórn ÍBR að berjast fyrir því komandi samningaviðræðum að borgaryfirvöld styðji með enn frekari hætti við íþróttahreyfinguna í Reykjavík í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar og ÍBR til ársins 2020.

Greinargerð:

Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar, ÍBR og íþróttafélaganna rennur út í árslok. Nú standa yfir samningaviðræður um nýjan samning. Mikilvægt er að efla enn frekar hið góða starf sem unnið er í íþróttum í Reykjavík. Í stefnu borgarinnar og ÍBR um íþróttamál til 2020 eru mörg verkefni tilgreind sem vert er að vinna að s.s. að bjóða fleiri valmöguleika á þátttöku í íþróttum fyrir börn og unglinga, auka þátttöku almennings í íþróttum, styðja betur við afreksíþróttastarf, lengja æfingatímabil í mannvirkjum, bæta úr brýnni viðhaldspörf í mörgum mannvirkjum, mæta þörf á fleiri mannvirkjum í borginni og fleira.

**Áskorun um uppbyggingu mannvirkja.
Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.**

47. þing ÍBR, haldið 19.-20. mars 2015, skorar á Reykjavíkurborg að setja aukna fjármuni til byggingar nýrra mannvirkja hjá íþróttafélögum í Reykjavík.

Greinargerð:

Eftir hrunið hefur íþróttahreyfingin sýnt mikla biðlund varðandi nauðsynlega uppbyggingu nýrra mannvirkja sem er lykilatriði til áframhaldandi þróunar félaganna sem og til að geta haldið uppi öflugri þjónustu við sífellt stækkandi hóp þátttakenda hjá félögunum.

Mannvirkjanefnd ÍBR og Reykjavíkurborgar hefur verið að störfum undanfarin misseri og mikilvægt er að tillaga að forgangsröðun á gerð nýrra mannvirkja klárast sem fyrst. En það er einnig mikilvægt að tryggja fjármagn til að fylgja eftir slíkri forgangsröðun og gera áætlun um uppbyggingu.

Tillaga um myndun stuðningshóps vegna siðamála

Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

47. þing ÍBR, haldið 19.-20. mars 2015, samþykkir að fela stjórn ÍBR að vinna að því mynda hóp sérfræðinga til stuðnings aðilum innan ÍBR, komi upp mál sem varðar siðamál af ýmsu tagi.

Greinargerð:

Á undanförunum árum hefur íþróttahreyfingin gert ýmislegt til að efla starfsemi sína með tilliti til siðamála, meðal annars:

- Sett fram siðareglur og hegðunarviðmið (þing ÍSÍ 2011).
- Gefið út aðgerðaáætlun gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun (ÍSÍ, bæklingur).
- Gefið út bækling um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi (ÍSÍ).
- Bætt inn í lög ÍSÍ ákvæði um að einstaklingur sem hefur hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga má ekki starfa sem sjálfboðaliði eða launþegi innan íþróttahreyfingarinnar (þing ÍSÍ 2013).
- Gefið út jafnréttisstefnu (ÍBR 2013).

Einnig hefur verið gefin út viðbragðsáætlun (ÍSÍ) ef upp koma áföll og óvæntir atburðir. Í áætluninni kemur m.a. fram að æskilegt sé að íþróttafélög setji fram sína eigin viðbraðgsáætlun og komi á fót viðbragðsteymi. Hlutverk viðbragðsteymis íþróttafélaga er m.a. að aðlaga viðbraðgsáætlunina að allri starfsemi félagsins, veita stuðning, huga að eftirfylgd og meta þörf á utanaðkomandi aðstoð.

Reynslan hefur sýnt að mál vegna m.a. kynferðislegs ofbeldis og eineltis eru oft erfið úrlausnar og ekki alltaf á færi leikmanna að leysa úr, eðlilega treysta margir sér heldur ekki til þess. Því er lagt til að myndaður verði hópur aðila sem sérþekkingu hafa á þessu sviði og hefur það hlutverk að aðstoða við úrlausn mála sem upp kunna að koma með faglegum hætti.

**Tillaga um frístundaakstur.
Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.**

47. þing ÍBR, haldið 19.-20. mars 2015, felur stjórn ÍBR að fara þess á leit við borgaryfirvöld að þau styrki frístundaakstur hverfafélaganna í borginni um a.m.k. 30 milljónir á ári næstu árum.

Greinargerð:

Ljóst er að frístundaakstur hverfafélaganna eykur möguleika á að nýta betur íþróttamannvirkin þar sem mögulegt er að hafa æfingar fyrir börn fyrr á daginn en ella. Það liggur fyrir að stór hluti barna og unglinga tekur þátt í skipulögðu íþróttastarfi og frístundaaksturinn er mjög góð leið til að einfalda heildarskipulag hvers dags hjá fjölskyldum í borginni. Minni umferð einkabíla og aukin viðvera í vinnu hlýtur að vera jákvætt fyrir samfélagið. Kostnaður við að halda þessum akstri úti er talsverður og hefur reynst félögunum þungur í rekstri. Styrkur borgarinnar til þessa verkefnis hefur verið um 10 milljónir á ári síðustu ári og dugar hvergi nærri til. Vinnuhópur á vegum borgarinnar og ÍBR hefur komist að þeirri niðurstöðu að 30 milljónir króna myndu tryggja að frístundaakstur geti haldið áfram.

Tillaga um samstarf íþróttafélaga og grunnskóla.

Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.

47. þing ÍBR, haldið 19.-20. mars 2015, felur stjórn ÍBR að óska nú þegar eftir viðræðum við borgaryfirvöld um leiðir til að efla samstarf íþróttafélaga og skóla.

Greinargerð:

Í gegnum tíðina hefur íþróttahreyfingin átt mikið og gott samstarf við grunnskóla borgarinnar til að kynna nemendum það starf sem þau hafa upp á að bjóða fyrir börn og unglinga. Að undanfögnu hefur félögunum ekki verið heimilað að kynna starf sitt í skólum eða í það minnsta settar mjög þröngar skorður þrátt fyrir að í samningi borgarinnar, íþróttafélaganna og ÍBR sé ákvæði um samstarf skóla og íþróttafélaga.

Íþróttafélög í borginni hafa í áratugi átt í góðu samstarfi við grunnskóla um æfingar barna. Rannsóknir staðfesta mikilvægi daglegrar hreyfingar fyrir börn, skólastarf og samfélagið almennt. Það endurspeglast m.a. í áherslum aðalnámsskrár þar sem heilsa og velferð er nú einn af sex grunnþáttum menntunar. Fjölbætt gildi þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi er einnig vel þekkt og hefur líklega sjaldan verið mikilvægara en nú á tímum aukinnar kyrrsetu.

Íþróttahreyfingin vill áfram vinna með grunnskólunum að því að stuðla að heilbrigði barna í borginni. Almennar samskiptareglur um slíkt samstarf eru góðar en mega ekki innihalda ákvæði sem hægt er að túlka sem hálfgert bann við samstarfi. Að mati ÍBR er best að hafa almennar samskiptareglur og svo geti skólastjórar gert samninga við íþróttafélög í sínu skólahverfi um nánara samstarf.

Áskorun vegna jafnréttisstefnu **Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍBR.**

47. þing ÍBR, haldið 19.-20. mars 2015, skorar á öll aðildarfélög ÍBR að setja fram jafnréttisstefnu og innleiða hana í öllu sínu starfi.

Greinargerð:

Í 23. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 kemur fram að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun þar á meðal í íþrótt- og tómstundastarfi.

Einstaklingum líður betur í umhverfi þar sem jafnrétti ríkir. Þar sem raunverulegt jafnrétti ríkir fá allir einstaklingar að njóta sín og ná fram sínu besta. Í þessu felst m.a. að íþróttafélagið stuðlar að jöfnum tækifærum sinna félagsmanna og mismunar þeim ekki vegna kynferðis, uppruna, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana, litarháttar eða annarrar stöðu.

Í þjónustusamningum Reykjavíkurborgar við íþróttafélög er ákvæði um að þau skuli hafa virka jafnréttisstefnu. Í tengslum við þá vinnu hefur ÍBR unnið fyrirmynd af jafnréttisstefnu sem félög geta aðlagð að sínu starfi, sjá www.ibr.is.